

SJÁLFBÆRT OG LÝÐRÆÐISLEGT FÉLAGSLÍF Í FAS

LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS

FRAMHALDSSKÓLINN Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU
VERKEFNASTJÓRI: SANDRA BJÖRG STEFÁNSDÓTTIR
HÖFN HORNAFIRÐI Í JÚNÍ 2012

MARKMIÐ VERKEFNISINS SAMKVÆMT UMSÓKN

1. Skapa fljótandi skil á milli náms og félagslífs nemenda.
2. Þróa kennsluaðferðir sem hvetja nemendur til að hagnýta þekkingu úr öðru námi með skapandi hætti í félagslífinu. Einnig að þær aðferðir efli jafnréttis- og lýðræðisvitund nemenda.
3. Þróa aðferðir í námsmati til að meta þátttöku í félagslífi sem nám.
4. Opna nemendum leiðir til að þroskast á sínum eigin forsendum.
5. Skapa umhverfi sem gerir félagslífið sjálfbært og lýðræðislegt.
6. Gera félagslífið sýnilegt og auka með því vægi nemenda í samfélaginu.
7. Gera nemendum kleift að kynnst félagslífi í öðrum skólum.

LEIÐIR TIL AÐ NÁ MARKMIÐURM VERKEFNIS

Á vorönn 2011 ákvað nemendaráð nemendafélags FAS í samráði við skólastjórn að hefja viðamikla vinnu þar sem fyrirkomulag félagslífs skólans var endurskipulagt. Niðurstöður vinnunnar voru að miklar breytingar ætti að gera á starfsemi nemendafélagsins, í stað hefðbundins nemendaráðs yrði einungis kosið um forseta nemendafélagsins sem og varaforseta. Haustiönn átti að hefjast á því að stofnaðir yrðu klúbbar innan nemendafélagsins þar sem nemendur með sameiginleg áhugamál myndu hópa sig saman og vinna að því sem þeim finnst skemmtilegt. Einn nemandi yrði kjörinn í forsvar fyrir hvern klúbb og þeir forsvarsmenn mynduðu ásamt forseta og varaforseta stjórn nemendafélagsins.

Í upphafi haustannarinnar var klúbbastarfið auglýst og nemendur beðnir um að skrá sig í klúbba eftir sínu áhugasviði. Fremur erfitt reyndist að virkja nemendur en það má að hluta til útskýra með því að stór hluti nemenda voru nýnemar sem ekki tóku þátt í endurskipulagningunni á vorönn veturinn á undan. Þrátt fyrir að breytingarnar á félagslífinu hefðu ekki gengið eins hratt og vonast var eftir tókst nokkuð vel á útskýra hið nýja fyrirkomulag fyrir nemendum og fá þá til að átta sig á þeirri hugsanabreytingu sem verkefnið gekk út á, þ.e.a.s. að allir nemendur væru virkir þátttakendur en ekki einungis njótendur.

Í lok október mánaðar hélt hópur frá FAS í hringferð um landið þar sem heimsóttir voru þrjár framhaldsskólar sem svipaðir eru FAS að stærð og skipulagi. Alls fóru fjórir nemendur í ferðina ásamt félagsmálafulltrúa skólans. Heimsóttir voru Menntaskólinn á Tröllaskaga, Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra og Fjölbrautarskóli Snæfellinga. Lærðu ferðalangar mikið af ferðinni og sérstaklega opnuðust augu nemenda fyrir því að í öðrum skólum eru það nemendur sem sjá um að félagslífið sé öflugt en ekki utanaðkomandi einstaklingur eða kennari. Að ferðinni lokinni var lagður grunnur að áframhaldandi breytingum á starfi Nemendafélagsins.

Í upphafi vorannar 2012 var mikil áhersla lögð á félagslífið og strax á skólasetningunni voru allir nemendur beðnir um að velja sér einn klúbb til að starfa með út önnina. Þennan fyrsta skóladag vorannar fengu allir klúbbar um 40 mínútur til þess að funda og skipuleggja starf sitt. Stofnaðir voru 12 klúbbar innan FAS og voru allir nemendur sem skráðu sig í klúbb skráðir í áfangann TÓM 173. Þar með fengu nemendur sameiginlegan tíma á stundaskrá og gátu klúbbarnir valið sér að hittast annað hvort á miðvikudögum eða fimmtudögum í hverri viku. Hver klúbbur kaus sér formann en hann bar ábyrgð á skráningu fundargerða og mætinga í klúbbnum. Auk þess sem hann mætti vikulega á fundi fulltrúaráðs sem segja má að hafi tekið við hlutverki þess sem áður hét nemendaráð. Í fulltrúaráði sátu því 12 einstaklingar ásamt félagsmálafulltrúa skólans. Á fundum ráðsins miðluðu fundarmenn upplýsingum sín á milli í tengslum við viðburði klúbbanna, hófu samvinnuverkefni og tóku margar ákvarðanir er snéru að utanumhaldi, rekstri og stjórnun nemendafélagsins.

Rétt er að taka fram að þó svo að félagsmálafulltrúi hafi alltaf verið til taks fyrir nemendur og aðstoðað þegar aðstoðar var óskað þá var allt starf nemendafélagsins á ábyrgð nemenda og nemenda einna. Á fundum klúbbanna sátu einungis nemendur og ræddu þeir starf sitt án afskipta frá

kennurum eða utan að komandi einstaklinga. Þetta var stór og mikilvægur liður í að efla lýðræði meðal nemenda og fá þá til að átta sig á eigin ábyrgð í því að félagslíf skólans sé virkt.

Fyrir virka þáttöku í klúbbstarfi gátu nemendur unnið sér inn einingu en þannig undirstrikaði skólastjórn þá skoðun sína að virk þátttaka og frumkvæði er mikilvægur hluti af námi í framhaldsskóla.

NÁMSMAT OG MAT Á ÁFANGANUM

Mat á áfanganum TÓM 173 lá ekki fyrir í upphafi annar og var raunar ekki mótað fyrr en eftir að starfi nemendafélagsins var formlega lokið í enda annarinnar. Bæði var leitað eftir ábendingum frá fulltrúaráði og frá öllum nemendum er sóttu nemendafund í lok annarinnar um hvernig mat á áfanganum ætti að fara fram. Loks var ákvörðun tekin meðal skólameistara, áfangastjóra og félagsmálafulltrúa að þeir nemendur sem gátu sýnt fram á 80% mætingu á fundum klúbbanna ættu rétt á einingu. Nemendur sem sátu í fulltrúaráði og gátu sýnt fram á 80% mætingu á þeim fundum gátu unnið sér inn aðra einingu. Loks áttu forseti og varaforseti rétt á þriðju einingunni að því gefnu að þeir hefðu sinnt starfi sínu með sóma. Ljóst er að klúbbarnir voru mjög mis athafnasamir og sumir stóðu fyrir fjölda viðburða á meðan aðrir gerðu minna. Skólanámskrá segir að 33 klst vinna þurfi að liggja að baki hverrar einingar. Ljóst er að enginn klúbbur gat með sanni sýnt fram á að nemendur þeirra hafi unnið í samtals meira en 66 klst.

Á vorönn voru haldnir tveir stórir nemendafundir þar sem nemendur voru beðnir um að ræða um félagslífið í skólanum. Fyrri fundurinn var haldinn í upphafi annar og voru nemendur beðnir um að ræða um hvernig þeir sæju félagslífið fyrir sér og hvað þeir gætu lagt til málanna yfir önnina. Seinni fundurinn var haldinn í lok annar og voru nemendur þá beðnir um að meta starf félagsins og hvernig til tókst. Einnig voru nemendur beðnir um að koma með tillögur að því hverju mætti breyta til þess að verkefnið gæti þróast áfram. Nemendum var skipt niður í fimm hópa sem allir ræddu málin og komu sínum skoðunum á framfæri. Í stuttu máli voru nemendur ánægðir með hið nýja fyrirkomulag og vildu að áfram yrði haldið í sömu mynd næsta vetur.

Önnur leið til að meta hvernig til tókst með félagslíf skólans var verkefni tveggja nemenda í verkefnaáfangi í félagsvísindum 173, en Alen Haseta og Sindri Örn Elvarsson völdu að framkvæma könnun um félagslíf skólans og meta viðhorf nemenda til þeirra breytinga sem áttu sér stað á skólaárinu. Völdu drengirnir sér rannsóknarspurninguna *Hefur félagslíf FAS og viðhorf nemenda til þess breyst á undanförunum misserum*. Könnunin var lögð fyrir í upphafi marsmánaðar og tóku rúmlega 87% nemenda skólans þátt. Rúmlega helmingur svarenda var úr hópi yngri nemenda en 54% svarenda voru yngri en 18 ára. Helstu niðurstöður sýndu fram á að nemendur voru ekki ánægðir með ástandið síðustu árin en um 56% nemenda sögðu ástandið hafa verið frekar eða mjög slæmt en einungis 12% töldu það hafa verið gott. Þegar nemendur voru hinsvegar spurðir um ástandið í vetur var staðan önnur og mun betri. Um 32% nemenda fannst félagslífið vera mjög gott eða gott, 53% töldu það vera sæmilegt en aðeins 14% fannst félagslífið vera slæmt í skólanum. Þeir Alen og Sindri báru niðurstöður sínar saman við niðurstöður könnunar sem framkvæmd var árið 2010. Leiddi sá samanburður í ljós að nemendur voru töluvert mikið jákvæðari nú gagnvart félagslífi skólans en áður auk þess sem nemendur horfa björtum augum fram á veginn.

FRÁVIK MIÐAÐ VIÐ ÁÆTLUN VERKEFNISINS

Í einu af markmiðum verkefnisins í umsókn verkefnisins var tilgreint að þróaðar yrðu kennsluáferðir sem hvetja ætti nemendur til að hagnýta þekkingu úr öðru námi með skapandi hætti í félagslífinu. Einnig yrðu þróaðar áferðir til að efla jafnréttis- og lýðræðisvitund nemenda.

Þó svo að nemendur hafi nýtt sér þekkingu sína og nám við útfærslu á hinum ýmsu verkefnum var ekki um beina tengingu milli áfanga skólans og félagslífsins að ræða nema að litlu leiti. Þeir nemendur sem sáu t.d. um útgáfu skólablaðsins nýttu sér það sem þeir höfðu lært í áföngunum fjölmiðlafræði og ljósmyndun þó svo að skólablaðið hafi ekki verið beinlínis gefið út í samstarfi við kennarana.

Engu að síður héldu nemendur í ljósmyndaáfangu ljósmyndasýningu á haustönn 2011 og má fyllilega telja hana sem lið í félagslífi nemenda. Þá voru áform um að nemendur í fjölmiðlafræði á vorönn 2012 gæfu út skólablað. Það gekk því miður ekki eftir en engu að síður voru gefin út þrjú mismunandi blöð á önninni og sá fjölmiðlaklúbbur um það verkefni og leitaði eftir aðstoð frá kennara fjölmiðlaáfangans. Í upphafi mars mánaðar fengu nemendur í áföngunum félagsfræði 103 og heimspeki 103 heimsókn frá lögreglu sveitarfélagsins og fyrrverandi fíkniefnaneytanda. Mikil umræða hafði verið innan skólans um gildi slíkra heimsókna og ekki á allir eitt sáttir um hvort slíkar heimsóknir væru af hinu góða. Ákveðið var í samráði við félagsmálafulltrúa skólans að taka á móti gestunum og fá þá til að ræða við nemendur á áðurgreindum áföngum. Í næsta tíma á eftir heimsókninni var umræðutími þar sem nemendur voru beðnir um að ræða um og gefa sína sýn á heimsókn sem þessa. Nemendur voru spurðir hvort þeir töldu að heimsóknin hefði forvarnargildi og hvort hún hefði breytt þeirra skoðun á vímuefnum. Niðurstöðurnar voru áhugaverðar því flestir nemendur töldu heimsókninga hafa verið áhugaverða en hafði þó ekki haft áhrif á skoðun þeirra á vímuefnum því ákvörðunin um að sniðganga fíkniefni höfðu þeir tekið miklu fyrir á lífsleiðinni. Þessar niðurstöður voru bæði sendar til lögregluembættisins sem og til Landlæknisembættisins.

Eins og áður hefur komið fram var einnig um samstarf að ræða við verkefnaáfangu í félagsvísindum 173 en nemendur í þeim áfanga sáu um að leggja könnun um félagslífið fyrir nemendur skólans í opinni viku á vorönn 2012.

HELSTU HINDRANIR VERKEFNISINS

Helstu hindranir verkefnisins komu mjög fljótlega í ljós og snérust þær fyrst og fremst um að til að byrja með gekk erfiðlega að virkja nemendur. Þar átti hringferð nokkra nemenda ásamt félagsmálafulltrúa eftir að skipta miklu máli og opnaði hún augu ferðalanganna svo um munar. Þó svo að ekki hafi orðin mikill sjáanlegur munur á félagslífi FAS á haustönn 2011 frá því áður þá fór þar fram mikilvæg undirbúningsvinna sem gerði það að verkum að félagslífið tók miklum stakkaskiptum á vorönninni.

Aðrar hindranir sem litu dagsins ljós snéru helst að utanumhaldi og skráningu mætinga hjá nemendum. Á vorönninni var skráning mætinga og fundargerða alfarið á ábyrgð formanna klúbbanna. Þeir báru ábyrgð á að fundargerð væri skráð niður og að henni væri skilað inn til félagsmálafulltrúa í viku hverri en ekki var gerð krafa um form fundargerðanna. Allur gangur var á því hvernig þetta tókst, sumir formenn voru mjög ábyrgðarfullir og stóðu sig vel. Hjá öðrum skiluðu fundargerðir sér seint og voru þær oft fremur illa unnar.

Ástæða er til þess að endurskoða þessi mál að einhverju leiti á næsta skólaári með tilliti til faglegra vinnubragða og í framhaldi af því lýðræðis. Fulltrúaráð stakk upp á að fenginn yrði kennari til þess að taka manntal á öllum fundum klúbbanna. Eftir nokkrar umræður urðu nemendur og skólastjórn sammála um að sú leið væri ef til vill ekki sú rétta með tilliti til ábyrgðar og lýðræðis meðal nemenda. Því kom upp önnur hugmynd um að allir klúbbar fái sérstaka fundargerðarbók þar sem fundargerðir eru skráðar. Í lok hvernar fundargerðar þarf hver og einn klúbbmeðlimur að rita nafn sitt og sú undirskrift er grundvöllur fyrir skráningu mætinga. Fundargerðarbækurnar yrðu geymdar hjá félagsmálafulltrúa og gætu fundarritarar náð í bók síns klúbbs í upphafi fundar og skilað henni inn strax að fundi loknum. Önnur hugmynd er að halda námskeið í fundarritun og fundarstjórnun fyrir formenn allra klúbba strax í upphafi annar. Þar með fá formenn klúbbanna upplýsingar um það strax í upphafi skólaárs til hvers er ætlast af þeim hvað varðar fundarstjórnun og ritun.

HELSTI ÁVINNINGUR VERKEFNISINS

Segja má að frá áramótum hafi eitthvað verið á döfinni í hverri viku hjá nemendafélagi FAS og var þátttaka góð á flesta viðburð sem allir stóðu undir sér fjárhagslega. Þess ber að geta að nemendur voru mjög duglegir að afla styrkja, bæði í formi peninga og einnig í formi gjafa og gjafabréfa. Sú staðreynd að nemendur tóku fjármálalið nemendafélagsins alvarlega er góð vísbinding um hversu vel til tókst. Það að ávallt var spáð í kostnaðarhlið viðburða áður en þeir voru haldnir og ekki eytt úr

hófi fram sýnir þroska nemenda og þá ábyrgð sem þeir sýndu. Það hefur sýnt sig að erfitt getur reynst fyrir smærri nemendafélög á landsbyggðinni að halda úti dagskrá heilan vetur vegna fjármagnsskorts. Brennandi áhugi og útsjónasemi nemenda FAS gerði það að verkum að þess konar vandamál litu aldrei dagsins ljós þennan veturinn.

Samtals voru haldnir sjö viðburðir á vegum nemendafélags FAS á haustönn 2011 og 17 viðburðir á vorönn 2012. Þá voru gefin út þrjú skólablöð, stofnuð heimasíða og facebooksíða fyrir félagið, sett upp leikrit ásamt því að nemendur tóku þátt í Gettu Betur og Söngkeppni framhaldsskólanna. Allir viðburðirnir á vorönn voru skipulagðir og framkvæmdir af einum eða fleiri klúbbum sem störfuðu þá önnina. Eins og gefur að skilja voru viðburðirnir mjög fjölbreyttir enda áhugasvið klúbbanna misjafnt. Til að mynda var haldið þorablót og árshátíð, farið var í ferð upp Hvannadalhnjúk og haldið handboltamót svo eitthvað sé nefnt.

Eins og sjá má var nemendafélagið gífurlega öflugt í vetur og ræðst það fyrst og fremst á því að nánast allir nemendur lögðu eitthvað af mörkum við skipulagningu og framkvæmd hinna ólíku viðburða og verkefna.

KYNNING VERKEFNISINS

Nemendur voru mjög duglegir að kynna starf sitt innan skólans sem og út á við. Haldnar voru kynningar í föstudagshádegi í Kaffiteríu Nýheima þar sem gestir og gangandi fengu tækifæri til þess að heyra hvað var að gerast í skólanum. Þá var sú ákvörðun tekin í kjölfar hringferðar í október mánuði að viðburðir nemendafélagsins skyldu eftir fremsta megni vera opnir öllum og auglýstir víða um bæinn. Þar með stækkar markhópurinn og líkur á hagnaði aukast til muna. Nemendur FAS fengu ábendingu um þetta frá forseta nemendafélags FNV.

Á vorönn var einnig lögð vinna í að stofna heimasíðu fyrir nemendafélagið og sá fjölmiðlaklúbburinn um þá vinnu í samvinnu við starfsmann skólans. Facebook síðu nemendafélagsins var ávallt haldið lifandi og viðburðir kynntir þar ásamt öðrum almennum upplýsingum. Við mikilvæga áfanga í tengslum við félagslífið voru birtar fréttir á heimasíðu skólans og í héraðsfréttablaðinu Eystrahorni. Skýrslur um starf nemendafélagsins eru einnig aðgengilegar á heimasíðu skólans og áætlað er að lokaskýrsla Sprotasjóðs verði einnig aðgengileg þar.

MAT Á ÁRANGRI VERKEFNISINS SAMKVÆMT UMSÓKN

Nú hefur verkefninu *Sjálfbært og lýðræðislegt félagslíf í FAS* verið gert skil og sagt frá öllum liðum þess. Neðangreint má sjá stutta upptalningu á niðurstöðum verkefnisins samkvæmt markmiðalista í umsókn til Sprotasjóðs. En eins og áður sagði má nálgast ýtarlegri upplýsingar í umfjöllun hér að ofan.

1. Flijótandi skil: Allir nemendur sem tóku virkan þátt í félagslífi skólans og voru skráðir í áfangann TÓM 173 áttu rétt á einingu fyrir vinnu sína. Að uppfylltum kröfum um mætingu gátu nemendur hlotið á lágmarki 1 einingu en að hámarki 3 einingar fyrir vinnu sína.
2. Kennsluaðferðir: Minna var um formlegt samstarf við ákveðna áfanga en upphaflega hafði verið áætlað. Þó var unnið með áföngunum, ljósmyndun, fjölmiðlafræði, heimspeki, félagsfræði og verkefnaáfangi í félagsvísindum.
3. Námsmat: Nemendum var skylt að uppfylla kröfur um mætingu en einu sinni í viku funduðu klúbbar nemendafélagsins. Þá voru einnig haldnir nemendafundir sem nemendum bar skylda til að taka þátt í.
4. Nemendur þroskist á eigin forsendum: Alls voru 103 nemendur skráðir í áfangann TÓM 173 og tóku að einhverju leiti þátt í mótun á hinu nýja fyrirkomulagi félagsstarfs skólans. Samtals uppfylltu 53 nemendur kröfur um lágmarks þátttöku og fengu að launum 1-3 eingingar fyrir vinnu sína. Samtals voru haldnir 24 viðburðir á skólaárinu ásamt því að gefin voru úr þrjú skólablöð, stofnuð heimasíða og facebooksíða fyrir félagið, sett upp leikrit ásamt því að nemendur tóku þátt í Gettu Betur og Söngkeppni framhaldsskólanna. Reynt var eftir fremsta megni að fá nemendur til þess að sjá um öll sín mál sjálf, ef óskað var sérstaklega eftir aðstoð

félagsmálafulltrúa var sú aðstoð að sjálfsögðu auðsótt en áhersla var lögð á að hvorki kennarar né aðrir utan að komandi aðilar stýrðu eða hefðu áhrif á starfsemi nemendafélagsins.

5. Sjálfbært og lýðræðislegt félagslíf: Í opinni viku á vorönn var lögð könnun fyrir nemendur skólans og þeir beðnir um að leggja mat á starf nemendafélagsins. Þá voru einnig haldnir nemendafundir í upphafi og lok vorannar.
6. Aukinn sýnileiki nemenda í samfélaginu: Nemendur voru duglegir að kynna starf sitt í samfélaginu. Heimasíða var stofnuð og viðburðir auglýstir opinberlega. Þá voru samantektir um starf nemendafélagsins birtar á vefnum og í samfélagsmiðlum.
7. Kynnst félagslífi í öðrum skólum: Á haustönn 2011 fór hópur nemenda ásamt félagsmálafulltrúa í ferð hringinn í kring um landið þar sem skólar voru heimsóttir og félagsstarfið skoðað.

NIÐURSTÖÐUR

Engum blöðum er um það að fletta að félagslífið í FAS var mjög virkt á vorönn 2012 og ef áfram verður haldið á þessari braut má áætla að FAS verði í hópi þeirra skóla sem hafa hvað öflugast og fjölbreyttast félagslíf hér á landi. Nemendur hafa nú þegar kynnst því hversu mikilvægt þeirra eigin framlag er í tengslum við félagslífið í skólanum og að þeir geti sjálfir haft áhrif á það sem er að gerast. Með því að ræða mikið saman og halda skipulagða fundi kynnast þeir einnig faglegum vinnubrögðum og lýðræði.

Hálfnað er verk þá hafið er segir málshátturinn og því er um að gera að halda áfram því framhaldsskólaárin eiga jú að vera einn skemmtilegasti tími í lífi hvers og eins nemanda.

Höfn Hornafirði í júní 2012

Undirskrift verkefnastjóra

Undirskrift skólameistara ábyrgðarskóla